



## BROSKALLAR

### Markmið:

Að nemendur tali við alla í bekknum og þjálfri mismunandi svör við spurningunni: „Hvað segir þú gott?“. Hentar sem viðbótarefni fyrir byrjendur, t.d. með kafla 1 „Hvað heitir þú?“ í *Íslenska fyrir alla 1*.

### Aðferð:

Kennari leggur inn spurninguna „Hvað segirðu gott?“ og nokkur svör við henni (t.d. allt gott, fínt, sæmilegt, ekki svo gott). Hver nemandi fær einn broskall á miða sem er einn af eftirfarandi: a) brosandí, b) hlutlaus á svipinn og c) frekar fúll. Nemendur ganga um bekkinn, spyrja hver annan „hvað segirðu gott“ og svara eftir því hvernig „broskall“ þeir eru með í höndunum.

